

## GJALDSKRÁ

### skipulags- og byggingarmála í Mosfellsbæ vegna leyfisveitinga, umsýslu og þjónustu.

#### 1. gr.

Fyrir útgáfu leyfa, úttektir, vottorð, skjalagerð, yfirlestur gagna og aðra þjónustu sem Mosfellsbær veitir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfissskyldra framkvæmda, deiliskipulags og breytinga á deiliskipulagi, skal umhverfissvið Mosfellsbæjar í umboði bæjarstjórnar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Fyrir neðangreindar úttektir og með tilvísun til byggingarreglugerðar nr. 441/1998 skal innheimta gjöld sem hér segir:

	kr.
A) Fyrir úttekt vegna byggingarstjórnarskipta, sbr. 36. gr.	14.600
B) Fyrir úttekt vegna meistaraskipta, sbr. 47. gr.	7.600
C) Fyrir áfangauúttekt, sbr. 48. gr.	7.600
D) Fyrir lokaúttekt, sbr. 53. gr.	14.600
E) Fyrir stöðuúttekt, sbr. 55. gr.	14.600
F) Fyrir byggingarleyfisgjald, sbr. 27. gr., afgreiðslugjald	8.200
G) Fyrir byggingarleyfisgjald sbr. 27. gr., gjald/m <sup>3</sup> í húsi	82
H) Fyrir stöðuleyfisgjald fyrir gáma og smáhýsi sbr. 27. gr.	14.600

#### 3. gr.

Byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangauúttekta samkvæmt C-lið 2. gr. áður en byggingarleyfi er gefið út.

#### 4. gr.

Fyrir yfirferð séruppdráttu (burðarþols- og lagnauppdráttu og séruppdráttu aðalhönnuða) skal innheimta gjöld sem hér segir, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997:

	kr.
A) Vegna einbýlishúsa	43.400
B) Vegna par- og raðhúsa, pr. íbúð	25.200
C) Vegna fjölbýlishúsa:	
Fyrir fyrstu 5 íbúðirnar, pr. íbúð	12.100
fyrir 6. – 19. íbúð, pr. íbúð	5.100
fyrir 20. íbúð og hærri raðtölu íbúðar, pr. íbúð	3.000
D) Annað húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði og gripahús allt að 2.000 m <sup>3</sup> brúttó	67.600
E) Annað húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði og gripahús 2.000 til 10.000 m <sup>3</sup> brúttó	78.700
F) Annað húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði og gripahús stærra en 10.000 m <sup>3</sup> brúttó	90.800
G) Aðrar minni byggingar, svo sem viðbygging, bílgeymsla, anddyri, sólstofa o.fl.	16.200
H) Breyting á innra skipulagi atvinnuhúsnæðis	30.400
I) Breyting á innra skipulagi sérbýlis, klæðningu húss, svalaskýli eða lóð	8.600

Vegna aðkeypts yfirlesturs á séruppdráttum verður innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.

#### 5. gr.

Fyrir neðangreind vottorð, skjalagerð og yfirlestur ýmiss konar og með tilvísun til byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og 53. gr. laga nr. 73/1997 skal innheimta gjöld sem hér segir:

<i>Sbr. byggingarreglugerð nr. 441/1998:</i>	kr.
A) Lokaúttektarvottorð/úttekt, sbr. 54. gr.	22.500
B) Fokheldisvottorð/úttekt, sbr. 55. gr.	22.500
C) Stöðuvottorð/úttekt, sbr. 55. gr.	22.500
<i>Sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997:</i>	
D) Stofnskjalagerð, stór	13.600
E) Stofnskjalagerð, lítil	4.200
F) Yfirlestur eignaskiptayfirlýsinga, stór	27.200
G) Yfirlestur eignaskiptayfirlýsinga, lítil	13.600
H) Samrunaskjalagerð	20.500
I) Útsetning húss og lóðar, með tékkmælingu	75.200
J) Útsetning húss og lóðar, einföld útsetning	41.100

## 6. gr.

Fyrir hverja skoðun/skoðunarskýrslu byggingarfulltrúa á áður gerðum íbúðum í fjöleignarhúsum skal byggingarfulltrúi innheimta skoðunargjald að upphæð kr.14.500.

Skoðunargjald fyrir einbýlis- og sérbýlishús kr. 22.000.

## 7. gr.

Vegna grenndarkynninga skv. 7. mgr. 43. gr. laga nr. 73/1997, framkvæmdaleyfa skv. 27. gr. sömu laga og vegna deiliskipulags og breytinga á deiliskipulagi, sem unnið er á vegum landeiganda eða framkvæmdaraðila, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 73/1997, skal innheimta gjöld sem hér segir:

	kr.
A) Fyrir grenndarkynningu vegna byggingarleyfisumsóknar	18.200
B) Fyrir afhendingu grunngagna fyrir skipulagsvinnu	9.100
C) Fyrir grenndarkynningu og umsýslu vegna breytingar á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 26. gr.	27.300
D) Umsýsla vegna deiliskipulags skv. 25. gr. og breytingar á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 26. gr.	39.400
E) Leyfisgjald vegna framkvæmdaleyfis skv. 7. mgr. 27. gr.	80.800
F) Leyfisgjald vegna annarra framkvæmdaleyfa	50.500

## 8. gr.

Umhverfissvið annast innheimtu allra gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarлага.

## 9. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er samhliða beiðni um úttekt.

Gjalddagi gjalda skv. 4. gr. er samhliða innlögn hönnunargagna til yfirferðar.

Gjalddagi vottorða skv. 5. gr. er við afhendingu þeirra. Óheimilt er að afhenda fokheldisvottorð fyrir en gjald hefur verið greitt.

Gjalddagi skoðunargjalds, skv. 5. gr. er samhliða beiðni um skoðun.

Gjalddagi gjalda skv. 7. gr., staflið A: Áður en grenndarkynning fer fram. Skv. staflið B: Við afhendingu gagna. Skv. stafliðum C og D: Við samþykkt tillögu til grenndarkynningar eða auglýsingar. Skv. stafliðum E og F: Við útgáfu leyfa.

## 10. gr.

Gjöld vegna áfangaúttekta skal endurgreiða komi ekki til verkframkvæmda á gildistíma byggingarleyfis.

## 11. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

12. gr.

Gjöld innheimt samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu sannanlegs kostnaðar við einstaka verkþætti gjaldskrárinnar.

13. gr.

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2009. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 1032/2009.

*Mosfellsbæ, 26. apríl 2011.*

**Stefán Ó. Jónsson,**  
framkvæmdastjóri stjórnslusviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. apríl 2011